

## Brum

### ALMENNAR UPPLÝSINGAR

**Markmið:** Að nemendur skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í nánasta umhverfi, geri athuganir þar sem fylgst er með einföldum lífsferlum, skrái atburði og athuganir í orði og mynd. Þjálfun í að greina frá atburðum og hugmyndum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

**Námsgrein:** Náttúrufræði.

**Aldur:** Yngsta stig.



### VERKLÝSING

Lært um það hvernig brum þrútnar og springur út í blóm eða lauf.

Farið er með hópinn í gönguferð í skógarskólareit þar sem hvert barn velur sér grein á tré.

Nemendur klippa greinar af ösp, birki og lerki. Þegar heim er komið setjum við greinarnar í vatn. Þá er fylgst með því í skólastofunni hversu langan tíma tekur fyrir brumið að þrútna og blöð á ösp og birki eða barr á lerki að springa út.

Skrásett er jafnóðum hvað er gert hverju sinni. Skráðar dagsetningar og framvinda greinanna af hverri tegund fyrir sig. Gott er að vinna út frá hefðbundinni skýrslugerð í náttúrufræðiathugunum, hvort sem er skráð í letri eða myndum.

Þarf að fylgjast reglulega með til að sjá framvinduna.

### UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Unnið seinni part vetrar, áður en brum fara að þrútna.

Klippur, ílát undir greinar og vatn.

Auðvelt að yfirfæra á eldri nemendur.

*Græðlingur* 1-4 eftir Sveinbjörn Markús Njálsson, Námsgagnastofnun 2002